



3. bekkur

2023-2024

Handbók



Flataskóli

Efnisyfirlit

Sýn Flataskóla.....	3
Kennarar árgangsins.....	3
Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum.....	3
Námsmenningin sem við ætlum að skapa	3
Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu.....	4
Samskipti kennara við foreldra.....	4
Lýsing á starfinu í árganginum.....	4
Fjöldi nemenda og hópaskiptingar	4
Kennslustundir og námsgreinar	4
Helstu viðfangsefni nemenda.....	4
Stundaskrá.....	5
Heimanám	5
Náms- og skemmtiferðir.....	5
Vinabekkir.....	5
Skólasókn og viðbrögð.....	6
Fleiri upplýsingar á heimasíðu.....	6
Starfsáætlun Flataskóla	6
Skóladagatal	6
Tilkynningar um forföll nemenda.....	6
Tilkynningar vegna gruns um samskiptavanda/einelti.....	6
Námsáætlun skólaársins.....	7
Hæfnimiðað nám.....	7
Námsmat	7
Skipulag kennslunnar	7
Námsáætlun	8

Sýn Flataskóla

“Í Flataskóla er ýtt undir seiglu, sjálfstæði, skapandi hugsun, sjálfstjórn og samkennd nemenda og starfsfólks. Námið í skólanum er áhugavert, gerðar eru skýrar væntingar til nemenda og öllum gert kleift að vaxa. “

Áhersla á S-in fimm **seiglu, sjálfstæði, skapandi hugsun, sjálfstjórn og samkennd** eiga að vera sýnileg í öllu okkar starfi.

Kennarar árgangsins

Umsjónarkennarar bera meginábyrgð á námi og líðan nemenda í skólanum og því eru foreldrar ávallt beðnir um að hafa fyrst samband við þá ef áhyggjur vakna.

Nafn	Staða/ kennslugrein
Bryndís Rut Stefánsdóttir	Umsjónarkennari
Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir	Umsjónarkennari
Atli Jóhannesson	Íþrótt- og sundkennari
Jón Bjarni Pétursson	Íþróttakennari
Hannes Ingi Geirsson	Sundkennari
Margrét Indíana Guðmundsdóttir	Textílkennari
Linda Þorvaldsdóttir	Myndmenntakennari
Rut Ingólfssdóttir Blurton	Smíðakennari
Íris Björk Baldursdóttir	Sérkennari
Petra Björg Kjartansdóttir	Þroskaþjálfari
Justyna Diana Zmarzly	Stuðningsfulltrúi

Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum

Námsmenningin sem við ætlum að skapa

Vellíðan og öryggi eru forsendur fyrir því að nám barna eigi sér stað. Við leitumst því við að skapa notalegt umhverfi og vinsamlegt andrúmsloft svo allir nemendur finni þar frelsi til að vera þeir sjálfir og finni til öryggis og ánægju. Skýr markmið og leiðir ásamt uppbyggjandi leiðsögn hvetur nemendur til dáða, eykur sjálfstraust þeirra og ýtir undir jákvæða sjálfsmynd. Við teljum mikilvægt að nemendum verði skapað svigrúm til að sýna frumkvæði í eigin þekkingarleit. Umræður og vangaveltur um námsefnið hvetja nemendur til að finna lausnir og koma hugsunum sínum í orð. Við viljum efla félagsþroska nemenda og vitund þeirra um að þeir eru hluti af stærra samfélagi. Með markvissu hópastarfi þjálfast nemendur í tillitssemi, umhyggju fyrir öðrum og temja sér sáttfýsi. Leikur er eðlileg námsleið ungra barna og viljum við því efla leikinn í náminu og ýta undir að leikgleði ríki í öllu starfi.

Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu

Menntun: Leiðbeina nemendum að setja sér markmið í námi, kynna þeim fjölbreyttar leiðir og hvetja til þrautseigju.

Árangur nemenda endurspeglast m.a. í metnaðarfullu starfi og trú á eigin getu.

Ánægja: Traust og vinsamlegt andrúmsloft skapar vellíðan og öryggi sem er forsenda náms.

Samskipti kennara við foreldra

Nám, velferð og vellíðan nemenda er sameiginlegt hlutverk foreldra og skóla og því mikilvægt að samskipti séu opin og upplýsandi.

Umsjónarkennarar senda vikulegan póst í gegnum Mentor með stuttum upplýsingum um það helsta sem gert var í vikunni sem leið. Einnig er mikilvægum skilaboðum komið á framfæri.

Í upphafi skólaárs bjóðum við foreldrum/forráðamönnum að koma í heimsókn, skoða skólafurnar og taka þátt í kynningu barnanna á viðfangsefnum sem þau hafa verið að fást við.

Samtalsdagar eru tveir yfir skólaárið, í október og janúar. Þá er nemendum og forráðamönnum boðið að koma einslega til samtals við umsjónarkennara.

Þar fyrir utan er mikilvægt að samskipti milli heimilis og skóla séu greið og að mál sem upp kunna að koma verði leyst fljótt og vel í sameiningu, hvort sem er með tölvupósti, símtölum eða fundum.

Á skólaárinu verður einstökum verkefnum nemenda safnað í svokallaða safnmöppu. Hún verður send heim í nokkur skipti yfir veturinn. Markmiðið er að auðvelda forráðamönnum að fylgjast með námi og framförum barnsins. Mikilvægt er því að eftir afrakstrinum sé tekið og að nemendur fái viðurkenningu og hrós.

Lýsing á starfinu í árganginum

Fjöldi nemenda og hópaskiptingar

Í árganginum eru 44 nemendur og unnið er með hann sem eina heild. Nemendum er skipt í tvo umsjónarhópa sem eiga hvor sína heimastofu. Samgangur og samvinna er mikil á milli hópanna. Umsjónarhópar taka breytingum yfir veturinn eftir því sem kennarar meta.

Nemendum er einnig skipt upp þvert á árganginn í list- og verkgreinahópa, sundi og íþróttum.

Kennslustundir og námsgreinar

Helstu viðfangsefni nemenda

Íslenska: Málörvun og málvitund, orðaforði, talað mál, framsögn.

Ritun: Orð og málsgreinar. Skapandi skrif (sögugerð og tjáning).

Lestur: Áframhaldandi þjálfun í lesfærni. Þjálfsla lesskilning og framburð.

Skript: Að draga rétt til stafs og þjálfsla læsilega rithönd.

Stærðfræði: Talnaskilningur, tölur frá 100 – 999 (þriggja stafa tölur). Samlagning, frádráttur, margföldun, deiling, mælingar, rúmfræði og tími.

Náttúrufræði: Vatnið, Hafið, Himingeimurinn.








Samfélagsfræði: Samskipti og vinátta. Nærumhverfi mitt; Bærinn minn og „stofnanir“ hans.

Áhugasviðsverkefni. S-in 5 (seigla, sjálfstæði, skapandi hugsun, sjálfstjórn og samkennd).

Upplýsinga- og tæknimennt: námsforrit, forritun, netöryggi

Enska: orðaforði, hlustun og talað mál.

Stundaskrá

	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur
 8:30 - 8:50	Heimastofa	Heimastofa	Morgunsamvera	Heimastofa	Morgunsamvera
8:50 - 10:10	Heimastofa	Heimastofa	Smíðjur	Rostungar 8:50 	Heimastofa
Nesti	Heimastofa	Heimastofa		Hákarlar 9:30 	Heimastofa
10:10 - 10:30	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
10:30 - 11:10	Íþróttir 	Heimastofa	Heimastofa	Sceljón 10:30 	Heimastofa
11:10 - 11:50	Heimastofa	Heimastofa	Heimastofa	Heimastofa	Íþróttir 
11:50 - 12:10	Matur	Matur	Matur	Matur	Matur
12:10 - 12:30	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
12:30 - 13:30	Heimastofa	FJÖLVAL	Heimastofa	Heimastofa	Heimastofa

Heimanám

Heimanámið í 3. bekk er að mestu leyti lestrarþjálfun að lágmarki 5 daga vikunnar, 15 mín í senn. Lestur er skráður af forráðamönnum í lestrarhefti sem fer milli heimilis og skóla. Flestir nemendur fá úthlutað lesefni frá kennara en aðrir velja sér lesefni af bókasafni eða heima. Þar fyrir utan munu nemendur fá vikulega æfingar í ritun, lesskilningi eða stærðfræði.

Náms- og skemmtiferðir

Hönnunarsmiðja í Hönnunarsafni Garðabæjar
Fjöruferð á Álftanes
Ylströndin í Sjálandi
Hellisgerði í desember með kakó og piparkökur
Skíðaferð í Bláfjöll
Skoðunarferðir um Garðabær í tengslum við verkefnið „Bærinn minn“
Útikennsla í nærumhverfi skólans
Vorferð

Vinabekkir

Vinabekkur 3. bekkjar er 7. bekkur.
Í upphafi skólaárs fóru árgangarnir saman á útivistarsvæðið við Jötunheima/skátaheimilið. Þar stýrðu 7. bekkingar leikjastöðvum við mikla kátínu.
3. bekkingar buðu 7. bekk á sýningu og kynningu á náttúrufræðiverkefni sínu um Vatnið.

Fyrirhugað er að árgangarnir verji tíma saman í nokkur skipti yfir skólaárið. Tilgangurinn er að í leik og starfi skapist jákvæð samskipti milli árganganna, að eldri nemendur finni til ábyrgðar gagnvart yngri nemendum og verði síður ógn í augum yngri nemenda.

Skólasókn og viðbrögð

Unnið er skv. samræmdu ferli Garðabæjar ef skólasókn nemenda verður ófullnægjandi.

Ófullnægjandi Skólasókn

Í grunnskólum Garðabæjar er mánaðarleg greining á forföllum allra nemenda önnur en langtímaveikindi.

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda/skólaforðun nemanda skal bregðast við með viðeigandi hætti með það að leiðarljósi að veita stuðning.

Ósamfelldar fjarvistir	Veikindi/leyfi
2-7 fjarvistir Umsjónarkennari ræðir við nemanda og aðstandendur hans.	10 dagar eða fleiri Umsjónarkennari hefur samband við aðstandendur. Áætlun um námsframvindu unnin í sameiningu.
8-14 fjarvistir Fundur með umsjónarkennara, nemanda, aðstandendum og skólustjórnanda ef ástæða þykir til.	15 dagar eða fleiri Umsjónarkennari upplýsir skólustjórnendur um stöðu mála, hefur samband við aðstandendur og gerir áætlun um námsframvindu.
15-20 fjarvistir Málinu er vísað til umræðu í nemendaverndarráði.	20 dagar eða fleiri Skólustjórnandi boðar aðstandendur til fundar og vísar málinu til umfjöllunar í nemendaverndarráði.
21 eða fleiri fjarvistir Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.	Engin breyting til batnaðar á skólasókn Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.

Skólum er heimilt að óska eftir vottorði læknis vegna veikinda hvenær sem er í ferlinu.
Upplýsingar um verkferla grunnskóla Garðabæjar varðandi skólasókn má finna á vefsíðum skólanna.

Fleiri upplýsingar á heimasíðu

Upplýsingar sem eiga við um alla árganga skólans er að finna á heimasíðu skólans og í starfsáætlun skólaársins, sjá flataskoli.is Hér fyrir neðan eru slóðir á nokkur atriði.

[Starfsáætlun Flataskóla](#)

[Skóladagatal](#)

[Tilkynningar um forföll nemenda](#)

[Skráning í hádegismat nemenda](#)

[Viðmið Flataskóla um samskipti heimila og skóla](#)

[Tilkynningar vegna gruns um samskiptavanda/einelti](#)

Þarna undir er einnig að finna fleiri eyðublað svo sem umsóknir um leyfi nemenda.

Námsáætlun skólaársins

Hæfnimiðað nám

Í hæfnimiðuðu námi er unnið að því að nemendur tileinki sér þá hæfni sem stefnt er að. Til að svo megi verða þurfa þau viðfangsefni sem nemendur fást við að stuðla að því. Með því að skoða hæfniviðmið aðalnámskrár gaumgæfilega má sjá hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við til að öðlast þá hæfni sem hæfniviðmiðið lýsir. Hæfniviðmið eru sett fram í aðalnámskrá grunnskóla og unnið er með sömu hæfniviðmiði í 3-4 ár.

Þegar kennsla er skipulögð er mikilvægt að hún sé tengd hæfniviðmiðum, námsmarkmið séu skýr og viðmið um árangur einnig. Nemendur þurfa að fá endurgjöf á vinnu sína sem hjálpar þeim að ná því sem vantar upp á svo þeir nái þeirri hæfni sem að er stefnt.

Það fyrsta sem ákveðið er hvaða hæfniviðmiðum nemendur eiga að stefna að á tilteknu tímabili og síðan er skoðað hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við, hver námsmarkmiðin með vinnunni eru og síðan hugað að þeim leiðum sem farnar verða og hvar og hvernig er metið hvort nemendur hafa náð hæfninni sem stefnt var að. Námsmarkmið og það hvar og hvernig verkefni eru metin birtist í verkefnum nemenda sem verða sýnileg inni í Mentor. Áætlunin sem hér birtist á við um allt skólaárið en henni verður síðan dreift á tímabil inni í Mentor.

Þegar nemendur stefna að tiltekinni hæfni þurfa þeir að fá tækifæri til að sýna fram á hæfni sína á fjölbreyttan hátt. Nemendur geta tekið þátt í því að ákveða hvernig þeir vilja sýna fram á hæfni sína og haft þannig enn virkari áhrif á eigið nám.

Námsmat

Öll birting og utanumhald námsmats er í Mentor sem er kerfi sem gerir skólum kleift að halda utan um nám og kennslu og birta foreldrum. Þar geta foreldrar fylgst með námsframvindu barna sinn á svokölluðum hæfnikortum og fengið upplýsingar í gegnum vef eða smáforrit í síma um leið og nýtt námsmat hefur verið skráð.

Kennarar gera námsáætlunir þar sem hæfniviðmið aðalnámskrá koma skýrt fram ásamt því hvernig gera á nemendum kleift að ná þeirri hæfni og hvar og hvernig það verður metið.

Kennarar búa til "námslotur" í Mentor sem ná yfir mislöng tímabil. Við hverja námslotu tengja þeir þau hæfniviðmið sem unnið verður með og metin eru í lok lotunnar. Námslotur tengjast þeim námssviðum eða viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Nemendum verður aðeins gefið lokamat við lok 4. og 7. bekkjar.

Leiðsagnarmati verðu beitt markvisst í námsferlinu. Sjá nánar í námsmatskafla starfsáætlunar.

Skipulag kennslunnar

Í upphafi hvers dags fer kennari yfir skipulag dagsins með nemendum. Leitast er við í upphafi kennslustundar að hafa markmið og viðmið um góðan árangur skýr. Vinnuloturnar eru hafðar stuttar og breytilegar til að auðvelda nemendum að halda einbeitingu. Áhersla er lögð á að nálgast viðfangsefnið í gegnum námsleiki og skapandi vinnu, samhliða öðru námsefni. Aðallega vinna tveir eða fleiri saman þó einstaklingsvinna sé einnig viðhöfð. Jafnt og þétt yfir daginn veitir kennari leiðsögn, hvatningu og hrós, bæði fyrir afrakstur vinnu og samskipti við aðra. Í lok dags eru gjarnan lagðir fyrir útgönguleikir sem tengjast námi dagsins.

Stofufundir eru haldnir reglulega. Tilgangur fundanna er að ræða saman um brýn málefni líðandi stundar og að vekja athygli á mikilvægi þess sem S-in 5 fela í sér. Sömu leiðis að kenna nemendum hvernig hægt er ræða saman í sátt og samlyndi um ýmis mál, skiptast á skoðunum, leita lausna og ekki síst að hlusta á aðra. Skólaárinu er skipt í nokkrar námslotur þar sem einblínt er á ákveðið þema hverju sinni. Allar námsgreinar fléttast inn í viðfangsefni lotunnar.

Námsáætlun

Íslenska

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p><u>Talað mál hlustun og áhorf</u></p> <p>Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.</p> <p>Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.</p> <p>Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.</p> <p>Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.</p> <p><u>Lestur og bókmennir</u></p> <p>Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.</p> <p>Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.</p> <p>Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.</p> <p>Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.</p> <p>Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.</p> <p>Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.</p>	<p>Framburður</p> <p>Frásögn, endursögn</p> <p>Hlustun, athygli, virk þátttaka</p> <p>Samskipti, félagsfærni, tillitssemi</p> <p>Umskráning hljóða</p> <p>Lesskilningur, orðskilningur</p> <p>Lestur sem eflir og auðgar</p> <p>Lestur og val á bókum eftir áhugasviði</p> <p>Sögugerð</p> <p>Rím</p>	<p>Hlusta á upplestur Lesið upphátt, samtal</p> <p>Munnleg tjáning</p> <p>Sögustund, Munnleg og leikræn tjáning Sýningar Tónleikar</p> <p>Samvinna, leikir (leikreglur), umræður og stofufundir</p> <p>Upplestur</p> <p>Auka orðaforða, orðarýni Lestur gæðatexta</p> <p>Yndislestur, samlestur</p> <p>Reglulegar heimsóknir á skólabókasafnið</p> <p>Sögugerð, upphaf/miðja/endir</p> <p>Lestur og ritun ljóða</p>

<p>Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.</p> <p><u>Ritun</u></p> <p>Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.</p> <p>Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.</p> <p>Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi</p> <p><u>Málfræði</u></p> <p>Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.</p> <p>Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.</p> <p>Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.</p> <p>Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.</p> <p>Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.</p>	<p>Gagnrýn hugsun</p> <p>Skrift og ritun</p> <p>Skapandi skrif</p> <p>Réttritun</p> <p>Málvitund Greining orða og málsgreina</p> <p>Stafrófið</p> <p>Greining orða og málsgreina</p> <p>Málvitund</p> <p>Samnöfn, sérnöfn</p>	<p>Ljóðagerð</p> <p>Bókalestur</p> <p>Forskrift, sóknarskrift, ritun</p> <p>Semja ýmis konar texta</p> <p>Ritun og leikur að orðum</p> <p>Orðavinna, orðnotkun, leikur að orðum</p> <p>Raða orðum og nöfnum í stafrófsröð</p> <p>Orða- og textavinna</p> <p>Orða- og textavinna</p> <p>Orða- og textavinna</p>
---	---	--

Stærðfræði

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p><u>Að geta spurt og svarað með stærðfræði</u></p> <p>Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.</p> <p>Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.</p> <p>Sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.</p>	<p>Samræður um leiðir og lausnir</p> <p>Stærðfræðiþrautir</p> <p>Tölfræði og myndmál stærðfræðinnar</p>	<p>Samræður, hugarreikningur</p> <p>Samræður og hlutbundin verkfæri</p> <p>Gagnasöfnun, flokkun, skráning, innan- sem utandyra</p> <p>Unnið með aðgerðarmerki</p>
<p><u>Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar</u></p> <p>Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðarmerki og tengt þau við daglegt mál.</p>	<p>Þekking á tungumáli stærðfræðinnar</p>	<p>Rökræður um leiðir og lausnir, hlutbundin sem og óhlutbundin úrvinnsla</p>
<p><u>Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar</u></p> <p>Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar.</p> <p>Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda.</p> <p>Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga.</p>	<p>Fjölbreytt lausnarleit</p> <p>Samvinna byggð á hugmyndum nemenda</p> <p>Talnaskilningur og verðgildi peninga</p>	<p>Samvinna, rökræður um leiðir og lausnir, hlutbundin sem og óhlutbundin úrvinnsla</p> <p>Kennslupeningar og önnur kennslugögn og leikir</p> <p>Spil, kennslupeningar og leikir</p> <p>Talnaþrautir og leikir</p>

<p><u>Tölur og reikningur</u></p> <p>Notað tugakerfisríthátt.</p> <p>Reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.</p> <p><u>Algebra</u></p> <p>Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti.</p> <p><u>Rúmfræði og mælingar</u></p> <p>Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.</p> <p>Unnið með mælikvarða og lögun.</p> <p><u>Tölfræði og líkindi</u></p> <p>Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.</p> <p>Tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra.</p>	<p>Tugakerfi, þriggja stafa tölur</p> <p>Tölur og talnaskilningur</p> <p>Mynsturgerð, líkön</p> <p>Hugtök rúmfræðinnar</p> <p>Mælikvarðar</p> <p>Tölfræði</p> <p>Tölfræði, rökhugsun</p>	<p>Búa til og halda áfram með uppbyggingu mynsturs þrautir og leikir</p> <p>Könnun og úrvinnsla forma og rýmis í nærumhverfi, innan- sem utandyra</p> <p>Töflu- og súlurit Myndrit</p> <p>Mælingar: lengd, þyngd, magn, tími</p> <p>Gagnasöfnun, flokkun, skráning- innan- sem utandyra</p> <p>Rökræður og skoðanaskipti</p> <p>Töflu- og súlurit Myndrit</p>
--	--	---

Enska

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p><u>Hlustun</u></p> <p>Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.</p>	<p>Orðaforði, málskilningur</p>	<p>Hlustun og samræður</p>

<p><u>Lesskilningur</u></p> <p>Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.</p> <p><u>Samskipti</u></p> <p>Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.</p> <p>Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.</p> <p><u>Ritun</u></p> <p>Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista.</p>	<p>Lesskilningur</p> <p>Talað mál</p> <p>Talað mál</p> <p>Orðaforði og ritun</p>	<p>Lestur orða og einfaldra texta</p> <p>Samtalsæfingar og leikir</p> <p>Samtalsæfingar og leikir</p> <p>Ritun</p>
--	--	--

Samfélagsfræði

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p><u>Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning:</u> <u>Hæfni nemenda til að skilja veruleikann</u></p> <p>Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.</p> <p>Lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.</p> <p>Sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi</p> <p>Rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi.</p> <p>Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.</p>	<p>Virðing og kurteisi, lífsleikni</p> <p>Ábyrg hegðun, félagsfærni</p> <p>Samfélag og nærumhverfi</p> <p>Samfélag og nærumhverfi Stofnanir</p> <p>Landakort, ljósmyndir,</p>	<p>Samræður, samskiptaleikir</p> <p>Samræður, samskiptaleikir Sögugerð (klípusögur)</p> <p>Skoða landakort með tilliti til nágrennbæja Frásögn</p> <p>Könnunarleiðangrar um bæinn Verkefnagerð</p> <p>Landslag í heimabyggð</p>

<p>Komið auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga.</p> <p>Bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins.</p> <p><u>Hugarheimur- Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum</u></p> <p>Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.</p> <p>Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur.</p> <p>Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.</p> <p>Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans.</p> <p><u>Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra</u></p> <p>Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.</p> <p>Rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.</p> <p>Áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum. Sýnt tilitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.</p> <p>Áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.</p>	<p>merkingar og tákn</p> <p>Mannlíf og lífsbjörg</p> <p>Staðarval byggða</p> <p>Stofnanir Garðabæjar</p> <p>Vaxandi hugarfar</p> <p>Jákvæð sjálfsmynd</p> <p>S-in 5</p> <ul style="list-style-type: none"> - Samkennd - Seigla - Sjálfstjórn - Sjálfstæði - Skapandi hugsun <p>Þátttaka, virkni</p> <p>Barnasáttmálinn</p> <p>Tillitsemi</p> <p>Umburðarlyndi</p> <p>Ábyrgð</p> <p>Virðing</p>	<p>Verkefni um hafið og fiskveiðar</p> <p>Umræður</p> <p>Ritun</p> <p>Gönguferðir</p> <p>Stofufundir</p> <p>Samskiptaleikir</p> <p>Forvarnir</p> <p>Samræður</p> <p>Sjálfsmat</p> <p>Stofufundir</p> <p>Samræður</p> <p>Samvinna</p> <p>Árgangasáttmáli</p>
--	---	---

<p>Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur.</p> <p>Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.</p>	Tillitsemi	Skólareglur
	Sjálfstjórn	Leikreglur
	Vinátta	
	Ofangreint	Ofangreint

Náttúrufræði

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<p><u>Geta til aðgerða</u></p> <p>Útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra.</p> <p><u>Nýsköpun og hagnýting þekkingar</u></p> <p>Bent á störf sem krefjast sérþekkingar.</p> <p><u>Gildi og hlutverk vísinda og tækni</u></p> <p>Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra.</p> <p>Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.</p> <p><u>Vinnubrögð og færni</u></p> <p>Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna.</p> <p><u>Viðfangsefni:</u></p> <p>Að búa á jörðinni</p> <p>Lýst landnotkun í heimabyggð.</p>	<p>Fiskveiðar, fiskibátar</p> <p>Sjómennska og fiskvinnsla</p> <p>Djúpsjávarmyndavélar</p> <p>Kafbátar</p> <p>Upplýsingaöflun</p> <p>Afla upplýsinga um landnýtingu</p>	<p>Verkefni um hafið og fiskveiðar Fjörufurð Umræður</p> <p>Verkefni um hafið og fiskveiðar</p> <p>Verkefni um hafið og fiskveiðar Samræður</p> <p>Verkefni um hafið og fiskveiðar Fjörufurð</p> <p>Verkefni um heimabyggð Landakort og myndir</p>

<p>Heilbrigði umhverfis</p> <p>Fjallað um samspil manns og náttúru.</p>	<p>Virðing fyrir náttúruöflum</p>	<p>Umræður Gönguferðir</p> <p>Verkefni um hafið og fiskveiðar Hafstraumar og vindar Mengun í hafi</p>
--	-----------------------------------	---

Upplýsinga- og tæknimennt

<p><u>Vinnulag og vinnubrögð</u></p> <p>Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.</p> <p>Sýnt frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn.</p> <p><u>Upplýsingaöflun og úrvinnsla</u></p> <p>Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu.</p> <p>Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni.</p> <p>Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.</p> <p><u>Tækni og búnaður</u></p> <p>Notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni og framsetningu tölulegra gagna.</p>	<p>Upplýsingaöflun</p> <p>Lestur</p> <p>Hlustun</p> <p>Leitarnám</p> <p>Afþreying</p> <p>Ofangreint</p>	<p>Námsforrit</p> <p>Veraldarvefur</p> <p>Fræðslumyndir</p> <p>Einstaklings- og samvinnuverkefni</p> <p>Ofangreint</p> <p>Verkefnavinna í samfélags- og náttúrufræðigreinum</p>
--	---	---

Smiðja – Kortalestur og mælingar

<p>(Samfélagsgreinar) Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: <u>Hæfni nemenda til að skilja veruleikann</u></p> <p>Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.</p> <p>(Náttúrufr.) <u>Vinnubrögð og færni:</u></p> <p>Skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim.</p> <p>(stærðfr.) <u>Rúmfræði og mælingar:</u></p> <p>Notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.</p> <p>Unnið með mælikvarða og lögun.</p>	<p>Landakort Landslag Áttirnar fjórar Merkingar og tákn</p> <p>Frásögn og útskýring eigin hugsmíðar og sköpunar</p> <p>Kort og hnita kvarðar</p>	<p>Nemendur búa til líkan af eldfjallaeyju sem sýnir haf og strönd, fjöll og dali, ár, vötn og borgir. Áttirnar fjórar eru merktar inn á kortið og litir og tákn skilgreind.</p> <p>Nemendur undirbúa frásögn um ímyndaða staðsetningu og sögu eyjarinnar, íbúa hennar og lífsviðurværi þeirra, samgöngur á eyjunni (eynni), dýralíf og annað sem þeim kemur í hug. Í paravinnu segja nemendur hvor öðrum frá hugmyndum sínum</p> <p>Leikir með hnitakerfi Nemendur hanna sinn eigin hnitaleik, merkja inn hnita kvarða, ákvarða leikreglur og bjóða öðrum að spila</p>
---	---	--

